

Miðvikudaginn 29. apríl 1959.

Nr. 93/1958. Óskar Jörgensen

og

Ingólfur Þorsteinsson

f. h. ólögráða sonar síns,

Arnar B. Ingólfssonar (Einar Ásmundsson hrl.)

gegn

Sigurði Kristjánssyni

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Héraðsdómur ómerktur.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Krefjast þeir ómerkingar hins áfrýjaða dóms og málsmeðferðar í héraði svo og frávísunar málsins frá héraðsdómi. Þá krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki haft uppi nein andmæli gegn kröfum áfrýjenda.

Stefndi höfðaði mál þetta í héraði með stefnu 11. febrúar 1957 og gerði þá dómkröfu, að viðurkennd yrði skaðabótaskylda áfrýjenda vegna árekstrar bifreiða þeirra, er í málinu greinir. Þar sem fjárhæð dómkröfu er ekki tiltekin, er hún ódómhæf, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi. Þá ber og að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.000,00.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og visast málinu frá héraðsdómi.

Stefndi, Sigurður Kristjánsson, greiði áfrýjendum, Óskari Jörgensen og Ingólfi Þorsteinssyni f. h. Arnar

B. Ingólfssonar, kr. 3.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 14. nóvember 1957.**

Ár 1957, fimmtudaginn 14. nóvember, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af Kristni Ólafssyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var í gær.

Mál þetta hefur stefnandi, Sigurður Kristjánsson, Brunnastöðum, Vatnsleysuströnd, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 11. febrúar 1957, á hendur Óskari Jörgensen, Skipasundi 20, Reykjavík, og Ingólfi Þorsteinssyni, Bergþórugötu 37, Reykjavík, fyrir hönd ólögráða sonar hans, Arnar B. Ingólfssonar, sama staðar, og gerir þær réttarkröfur, að viðurkennd verði skaðabótaskylda þeirra vegna árekstrar bifreiðanna R-7150 og G-1209 við Kúagerði á Vatnsleysuströnd hinn 22. des. 1956. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati réttarins.

Af hálfu stefnda Óskars Jörgensens er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Sömu kröfur eru hafðar uppi af hálfu stefnda Ingólfs Þorsteinssonar f. h. Arnar Ingólfssonar, hvor sem talinn sé eiga sök á árekstrinum.

Þá hefur Vátryggingarfélaginu h/f, Reykjavík, verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en báðar bifreiðarnar voru tryggðar hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Samkomulag var um það milli aðilja að skipta málinu skv. heimild í 71. gr. einkamálalaganna, i. f., og að það skyldi aðeins sótt og varið, að því er skaðabótaskylduna varðar, með áskildum rétti til að ræða síðar kröfuhæð og annað.

Málavextir eru þessir:

Hinn 22. desember 1956 var stefnandi í máli þessu á leið til Hafnarfjarðar í bifreið sinni, G-1209, sem er vöruflutningabifreið af Dodge-gerð. Ók hann sem leið liggur eftir Reykjanesbraut. Með honum í bifreiðinni var kona hans og sonur, 11 ára að aldri. Við svonefnt Kúagerði á Vatnsleysuströnd mætti stefnandi bifreiðinni R-7150, sem er stór vöruflutningabifreið af Volvo-gerð, eign stefnda Óskars Jörgensens, Reykjavík, en henni var ekið af stefnda Erni Ingólfssyni. Varð áreksturinn, um leið og bifreiðarnar mættust, með þeim afleiðingum, að þær

urðu fyrir allmiklum skemmdum, einkum þó G-1209. Myrkur var á, og óku báðar bifreiðarnar með ljósum. Bifreiðin R-7150 var með ca. 3 tonn af timbri, en ekki er upplýst, að G-1209 hafi verið með farm.

Stefnandi hefur borið, að hann hafi ekið mjög rólega og algerlega á sínum vinstri vegarhelmingi, er R-7150 rakst á bifreið hans með mikilli ferð. Kveðst hann skömmu áður hafa mætt annarri bifreið, og hafi hann þá lækkað ljósin á sinni bifreið og dregið úr hraða hennar í 25—30 km miðað við klst. Hann skýrði svo frá í lögregluskýrslu 23/12 1956, að ljósin frá bifreið stefnda hafi verið mjög sterk, og hafi hann ætlað að stöðva sína bifreið, þar sem hann sá illa vegna ljósanna, en sú fyrrnefnda hafi þá rekizt á hana, um leið og hún var að stöðvast. Fyrir bæjarþinginu 9. apríl sl. leiðrétti stefnandi framburð sinn á þann veg, að hann hefði verið búinn að stoppa bifreið sína, er áreksturinn varð.

Stefndi Örn Ingólfsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á leið til Keflavíkur í umrætt skipti. Hann kveðst hafa veitt bifreið stefnanda athygli, er hann átti skammt ófarið að Kúagerði, og hafi hún þá verið í 200—300 metra fjarlægð frá beygju, sem þar er á veginum, en óeðlilega mikið á hægri kanti séð frá honum. Hafi bifreiðin verið að færa sig yfir á vinstri kant, er bifreiðarnar nálguðust, og hafi hann reiknað með því, að hin bifreiðin kæmist fram hjá. Telur stefndi, að hann hafi ekið með ca. 40—50 km hraða miðað við klst., áður en bifreiðarnar mættust, en þá dregið mikið úr hraðanum, enda hafi bróðir hans, Guðmundur Ármann Ingólfsson, er var farþegi í bifreiðinni, haft við orð, að hann skyldi passa sig. Framburður vitnisins Guðmundar Ármanns, bróður stefnda, er mjög á sömu lund, að því undanskildu, að stefndi kveðst ekki hafa veitt því athygli, að bifreiðin G-1209 hafi snöggbeygt yfir á sinn vinstri vegarhelming, áður en áreksturinn varð, eins og bróðir hans hefur borið. Ber vitnið, að við þetta hafi G-1209 skekkzt á veginum, og hafi afturendi hennar staðið út á veginn, og óhugsandi hafi verið að aka fram hjá bifreiðinni. Telur það hægra pallhorn R-7150 hafa lent á hægra frambretti G-1209 og frambretti hennar á hægri hlið, þar sem hús og pallur mætast. Við þetta hafi G-1209 kastazt til að aftan, svo að afturhluti hennar lenti úti á kanti vegarins, en bifreiðin hafi lítið gengið til að framanverðu.

Stefndi kveðst hafa hemlað, en ekki fyrr en bifreiðarnar skullu

saman, en þar sem bifreið sín hafi ekki látið að stjórn, hafi hann látið hana renna yfir á hægri vegarbrún og stöðvað hana þar. Kom í ljós, að sprungið hafði á hægra framhjól.

Skömmu eftir áreksturinn kom fólksbifreiðin R-8373 á staðinn, og hafa fjögur vitni, er í henni voru, sem athuguðu verksummerki að beiðni stefnda, gefið skýrslu hjá lögreglunni. Þeir saman um, að greinileg hjólför og hemlaför hafi verið eftir R-7150 frá vinstri vegarbrún á þeim stað, sem þeim virtist áreksturinn hafa orðið, eða þar, sem G-1209 stóð, þangað sem R-7150 hafði numið staðar eftir áreksturinn á hægri vegarhellingi.

Lögreglan í Hafnarfirði kom á slysstaðinn og gerði afstöðu-teikningu af honum, sem aðiljar eru sammála um, að sé rétt. Voru bifreiðarnar óhreyfðar, eins og þær höfðu stöðvazt eftir áreksturinn, en hjólför þau, sem vitni og stefndi Örn Ingólfsson telja sig hafa séð eftir R-7150 á vinstri vegarhellingi, voru þá ekki sjáanleg þar, og af verksummerkjum þótti lögregluþjónunum mega ráða, að G-1209 hefði lítið færzt til við áreksturinn, því að hægra afturhjól hennar, sem var sprungið, hafði grópazt niður í kantinn á veginum, og var þar far eftir. Töldu lögregluþjónar, að pallhorn bifreiðanna hefðu rekizt saman og G-1209 dregizt þannig til, að framendi hennar vísaði út í veginn, en afturendi hennar farið út í kant og stöðvazt þar á vinstri vegarbrún.

Vitnið Úlfar Haraldsson, er kom á staðinn skömmu eftir áreksturinn, kveðst hafa veitt athygli holu 40—50 sm fyrir framan hægra afturhjól G-1209, er hann telur, að hafi myndazt við það, að bifreiðarstjórinn hafi staðið á bremsunni, er áreksturinn varð.

Af því, sem að framan hefur verið rakið, virðist ljóst, að bifreiðin G-1209 hafi lítið færzt úr stað við áreksturinn, og engin verksummerki á staðnum, er sýna, að henni hafi verið ekið á röngum vegarhellingi. Hér við bætist, að bifreiðin G-1209 virðist einnig hafa verið um það bil að stöðvast, er áreksturinn varð. Hins vegar er R-7150 ekið með 40—50 km hraða skömmu fyrir áreksturinn, en dregið eitthvað úr hraðanum, áður en þær mættust, enda bifreiðarstjórinn verið sérstaklega aðvaraður af bróður sínum, er sat við hlið hans. Bifreiðarstjórinn á R-7150 beitir ekki hemlum bifreiðarinnar til þess að stöðva hana, fyrr en bifreiðarnar skella saman, að hann sjálfur segir, og hafði hann þó áður að eigin sögn séð bifreið koma á móti sér, sem

ekið var á hans vinstri vegarhelmingi. Þegar bifreiðarnar skella saman, er hraði R-7150 það mikill, að hún stöðvast ekki fyrr en 22 metrum fyrir aftan G-1209 og er þá komin fast út á hægri vegarbrún, enda segir hann, að bifreið hans hafi ekki látið að stjórn. Telur hann það hafa verið sökum þess, að sprungið hafði á hægra framhjól.

Það er upplýst í málinu, að bifreiðin R-7150 var með timburfarm og áætlaður þungi hennar um 7 tonn.

Að þessu athuguðu virðist dómaranum, að stefndi hafi ekið of hratt og of innarlega á veginum, þegar áreksturinn varð, og alls ekki sýnt þá aðgæzlu, sem honum bar eftir öllum aðstæðum, sbr. 26. gr. og 28. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, og ber því að leggja alla sök á árekstrinum á hann.

Samkvæmt ákvæðum 35. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, er öku- maður bifreiðar auk eiganda hennar skaðabótaskyldur, ef öku- maður á sök á slysi, og ber að taka til greina kröfu stefnanda um að dæma stefndu bótaskylda in solidum, eins og krafizt hefur verið.

Því ber og að dæma stefndu in solidum til greiðslu málskostnaðar í þessum hluta málsins, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 800,00.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Óskar Jørgensen og Ingólfur Þorsteinsson f. h. ólögráða sonar síns, Arnar B. Ingólfssonar, skulu skyldir að bæta in solidum stefnandanum tjón hans af árekstri bifreiðanna R-7150 og G-1209 hinn 22. des. 1956.

Þá greiði stefndu stefnandanum in solidum málskostnað með kr. 800,00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.